223
21. febr.

27. gr.

Um þau atriði, sem eigi eru fram tekin í reglugerð þessari, fer eftir lögum og reglum slysatryggingarinnar eftir því, sem þau geta átt við.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

224
21. febr.

# IÐGJALDASKRÁ
## og atvinnuflokkun í frjálsri slysatryggingu.

### A. Iðgjaldaskrá.

| Áhættuflokkar | Við dauðsföll kr. 1000.00 | Við örorku kr. 1000.00 | Dagpeningar kr. 1.00 á dag |
|---|---|---|---|
| 1. | 1.10 | 1.10 | 4.90 |
| 2. | 1.35 | 1.35 | 6.30 |
| 3. | 1.60 | 1.60 | 8.00 |
| 4. | 1.90 | 1.90 | 10.00 |
| 5. | 2.15 | 2.15 | 12.00 |
| 6. | 2.45 | 2.45 | 14.00 |
| 7. | 2.70 | 2.70 | 16.00 |
| 8. | 3.00 | 3.00 | 18.25 |
| 9. | 3.25 | 3.25 | 20.50 |

Iðgjald fyrir sjúkrahjálp er hið sama og dagpeningaiðgjaldið.

### Viðbótariðgjöld vegna aukaáhættu.

| Aukaáhætta | Við dauðsföll kr. 1000.00 | Við örorku kr. 1000.00 | Dagpeningar kr. 1.00 á dag |
|---|---|---|---|
| 1. Bifhjólastjórn | 0.75 | 0.75 | 3.50 |
| 2. Knattspyrna | 0.40 | 0.75 | 2.50 |
| 3. Fimleikasamkeppni | Iðgjald ákveðst sérstaklega. | | |
| Hnefaleikur | Iðgjald ákveðst sérstaklega. | | |
| Kappreiðar | Iðgjald ákveðst sérstaklega. | | |
| Fjallgöngur | Iðgjald ákveðst sérstaklega. | | |
| Skíðaferðir | Iðgjald ákveðst sérstaklega. | | |

Iðgjald fyrir sjúkrahjálp er hið sama og dagpeningaiðgjaldið.

**Ferðatrygging innan Evrópu.**

| Vátryggingartími | Iðgjöld: Dauðs-föll kr. 1000.00 | Örorka kr. 1000.00 | Dag-peningar kr. 1.00 á dag |
|---|---|---|---|
| Allt að 1 viku | 0.20 | 0.20 | 0.80 |
| — að 2 vikum | 0.30 | 0.30 | 1.20 |
| — — 1 mán. | 0.45 | 0.45 | 1.60 |
| — — 2 — | 0.60 | 0.60 | 2.00 |
| — — 3 — | 0.75 | 0.75 | 2.40 |
| — — 4 — | 0.90 | 0.90 | 2.80 |
| — — 5 — | 1.05 | 1.05 | 3.20 |
| — — 6 — | 1.20 | 1.20 | 3.60 |

Fyrir tryggingu, sem á að gilda fyrir ferðir utan Evrópu, ákveður stofnunin iðgjaldið sérstaklega. Lágmarksiðgjald er kr. 10.00.

**Iðgjöld fyrir sjúkratryggingu.**

Sjúkratryggingu er aðeins hægt að veita í sambandi við slysatryggingu, og með ekki hærri dagpeningum en hinn tryggði hefir óskað fyrir slysum.

*Iðgjald um árið fyrir kr. 1.00 í dagpeninga.*

Bótaskyldutími 90 dagar.

| Aldur | Karlar | Konur |
|---|---|---|
| 18—40 | kr. 12.00 | kr. 16.00 |
| 40—50 | — 15.00 | — 19.00 |
| 50—55 | — 18.00 | — 22.00 |

Lágmarksiðgjald kr. 25.00.
Fólk eldra en 55 ára er ekki tryggingarhæft.

**Iðgjöld fyrir slysatryggingu á farþegum í einkabifreiðum.**

| | Við dauðsföll kr. 1000.00 | Við örorku kr. 1000.00 | Sjúkra-hjálp kr. 1.00 á dag |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld um árið | 0.60 | 0.60 | 1.50 |

Með þessari tryggingu getur bifreiðareigandi tryggt farþega, er verða kunna fyrir slysum í bifreið hans. Tryggingarbeiðandi ákveður tryggingarupphæðina, sem skiptist niður á sætin. Bifreiðarstjórinn getur, ef óskað er sérstaklega, verið innifalinn í tryggingunni.

Lágmarksgjaldið er kr. 15.00.

**Trygging um stuttan tíma.**

Ef tryggingin á að gilda um skemmri tíma en eitt ár, greiðast eftirfarandi viðbótariðgjöld:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrir allt að | 1 mán. | tryggingu | 1/12 | úr ársiðgjaldi | að | viðbættum | 110 % |
| — — — | 1—2 — | — | 2/12 — | — | — | — | 100 — |
| — — — | 2—3 — | — | 3/12 — | — | — | — | 90 — |

224
21. febr.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrir allt að | 3—4 mán. | tryggingu | 4/12 | úr | ársiðgjaldi | að | viðbættum | 80 % |
| — — — | 4—5 — | — | 5/12 | — | — | — | — | 70 — |
| — — — | 5—6 — | — | 6/12 | — | — | — | — | 60 — |
| — — — | 6—7 — | — | 7/12 | — | — | — | — | 50 — |
| — — — | 7—8 — | — | 8/12 | — | — | — | — | 40 — |
| — — — | 8—9 — | — | 9/12 | — | — | — | — | 30 — |
| — — — | 9—10 — | — | 10/12 | — | — | — | — | 20 — |
| — — — | 10—11 — | — | 11/12 | — | — | — | — | 10 — |
| — — — | 11—12 — | — | ársiðgjald. | | | | | |

Brot úr mánuði reiknast sem heill mánuður.
Lágmarksiðgjald kr. 10.00.

**Hóptrygging.**

Hóptrygging er tegund tryggingar þegar margir menn, sem vinna við sama fyrirtæki, eru tryggðir á einu tryggingarskírteini af einum manni, er einnig sér um greiðslu iðgjaldsins.

Ekki er hægt að tryggja færri en 5 manns hjá sama fyrirtæki í hóptryggingu. Tryggingarupphæð hvers einstaks má vera mismunandi, þó má enginn einn einstakur vera tryggður fyrir hærri upphæð en sem svarar einum þriðja samanlagðrar tryggingar annara tryggðra starfsmanna.

Við tryggingu manna í hóptryggingu er að jafnaði nægilegt að gefa upp nafn, stöðu, vátryggingarupphæð og fæðingarár þeirra, sem tryggingar er óskað fyrir, ásamt yfirlýsingu um, að þeir séu fullfrískir, án nokkurrar veiklunar og ófatlaðir.

Fyrir hóptryggingu gilda þessi sérákvæði:

„Ef einhver hinna tryggðu fer úr þjónustu þess, er tryggingunа hefir tekið, færist tryggingin sjálfkrafa yfir á þann, sem ráðinn er í hans stað, að því tilskildu að sá sem kom í hans stað sé fullfrískur, án nokkurar veiklunar og ófatlaður, og að tryggingunni sé tilkynnt það innan 14 daga eftir að mannaskiptin urðu. Ef enginn kemur í stað þess, er á þenna hátt fer úr þjónustu tryggingarbeiðanda, endurgreiðist sá hluti iðgjaldsins, er svarar til tryggingar hans, að frádregnum 25%."

**Iðgjöld fyrir hóptryggingu.**

Heimilt er að veita eftirfarandi afslátt á iðgjaldi þeirra manna, er tryggðir eru í hóptryggingu:

| | |
|---|---|
| Fyrir 6—10 menn | 10 % |
| — 11—20 — | 15 — |
| — 21—50 — | 20 — |
| — 50 menn eða fleiri | 25 — |

**Afsláttur af iðgjöldum.**

Ef dagpeningagreiðsla á ekki að hefjast fyrr en að liðnum ákveðnum tíma eftir að læknisskoðun hefir farið fram, veitist eftirfarandi afsláttur af iðgjaldinu:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | daga | biðtími, | 15 % | afsláttur | af | dagpeningaiðgjaldinu. |
| 15 | — | — | 25 — | — | — | — |
| 30 | — | — | 40 — | — | — | — |
| 60 | — | — | 50 — | — | — | — |
| 90 | — | — | 60 — | — | — | — |

Sömu ákvæði gilda um tryggingu sjúkrahjálpar.

## B. Atvinnuflokkun.

### Starfsgreinir.

| Starfsgrein | Áhættufl. |
|---|---|
| Arkitektar, sjá Húsameistarar. | |
| Baðhús- og sundhallarstarfsfólk | 3. |
| Bifreiðarstjórn: | |
| a. Með vörubifreið | 5. |
| b. — farþegabifreið og strætisvagn | 4. |
| c. — einkabifreið | 3. |
| Bæjarfógetar, sjá Sýslumenn. | |
| Dómarar, aðrir en sýslumenn | 1. |
| Efnafræðingar, er vinna að tilraunum | 3. |
| Fasteignasalar | 2. |
| Gisti- og kaffihús: | |
| a. Eigandi eða framkvæmdarstjóri | 2. |
| b. Þjónar | 2. |
| c. Dyraverðir | 2. |
| d. Hljómlistarmenn | 2. |
| e. Annað starfsfólk — iðgjald ákveðst sérstaklega. | |
| Hafnsögustörf | 6.[1]) |
| Hjúkrunarstörf: | |
| a. Á geðveikrahælum | 2. |
| b. — öðrum sjúkrahúsum | 1. |
| Húsameistarar | 2. |
| Húsverðir | 3. |
| Kennarar: | |
| a. Smíðakennarar | 3. |
| b. Danskennarar | 3. |
| c. Hnefaleikakennarar | 3. |
| d. Fimleikakennarar | 2. |
| e. Söngkennarar | 2. |
| f. Efnafræðikennarar með efnafræðilegum tilraunum | 2. |
| g. Aðrir kennarar | 1. |
| Kvikmyndasýningavélamenn | 3. |
| Landmælingamenn | 3.[1]) |
| Leikarar | 3. |
| Ljósmæður: | |
| a. Í kaupstöðum | 2. |
| b. Út um land | 3. |
| Lyfjafræðingar | 2. |
| Læknar: | |
| a. Héraðslæknar | 4.[2]) |
| b. Praktiserandi læknar í Reykjavík | 2. |
| c. — læknar annarsstaðar á landinu | 3. |
| Lögfræðingar | 1. |
| Lögreglustörf: | |
| a. Lögreglustjórar og fulltrúar | 2. |
| b. Lögregluþjónar, aðallega við skrifstofustörf | 3. |
| c. Götulögregluþjónar | 5. |

1) Tvöföld dauðsfallsiðgjöld.
2) Héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum greiði tvöfalt dauðsfallsiðgjald.

224
21. febr.

| | Áhættufl. |
|---|---|
| Lögtaksmenn | 2. |
| Málarar (listmálarar) | 3. |
| Myndhöggvarar | 3. |
| Póststörf: | |
| a. Forstöðumenn pósthúsa í kaupstöðum | 1.[1]) |
| b. Afgreiðslumenn á bréfapóststofum | 1. |
| c. — á bögglapóststofum | 2. |
| d. Bréfberar | 3. |
| e. Landpóstar | 4.[2]) |
| f. Póstmenn á skipum, sjá Sjósókn. | |
| Prentstörf: | |
| a. Prentsmiðjustjórar | 2. |
| b. Handsetjarar | 2. |
| c. Vélsetjarar | 3. |
| d. Pressumenn | 4. |
| Rafmagnsvinna: | |
| a. Vélgæzla | 5. |
| b. Loftlínulagning og viðhald | 5.[3]) |
| c. Starfsmenn við háspennu | 6.[3]) |
| Safnverðir | 1. |
| Síldar- og karfaverksmiðjur: | |
| a. Vélamenn | 6.[4]) |
| b. Mjölhúsamenn | 6.[4]) |
| c. Aðrir starfsmenn | 6. |
| Símastörf: | |
| a. Skrifstofustörf | 1. |
| b. Símaverkfræðingar og eftirlitsmenn | 2. |
| c. Starfsfólk á miðstöð og ritsíma | 2. |
| d. Símaviðgerðarmenn (aðeins innanhúss) | 3. |
| e. Símalagnir og viðhald | 5.[5]) |
| Sjósókn:[3]) | |
| 1. Gufuskip og vélskip: | |
| A. Farþega- og flutningaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir): | |
| a. Skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn, póstmenn | 6. |
| b. Aðrir skipsmenn | 7. |
| B. Veiðiskip yfir 75 lestir og flóabátar undir 50 lestir: | |
| a. Skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn | 7. |
| b. Aðrir skipsmenn | 8. |
| 2. Vélbátar undir 75 lestir: | |
| Öll skipshöfnin | 9. |
| Skrifstofustörf | 1. |
| Slökkviliðsstörf: | |
| a. Slökkviliðsstjóri | 4. |
| b. Aðrir slökkviliðsmenn | 7. |
| Stefnuvottar | 2. |
| Sýslumenn | 2. |

1) Forstöðumenn pósthúsa, sem þurfa stöðu sinnar vegna að sækja póst um borð í skip, þar sem ekki er hafskipabryggja, greiði þrefalt dauðsfallsiðgjald.
2) Þrefalt dauðsfallsiðgjald.
3) Tvöfalt dauðsfallsiðgjald.
4) Tvöfalt örorkuiðgjald.
5) Tvöföld dauðsfalls- og örorkuiðgjöld.

| | Áhættufl. |
|---|---|
| Tannsmiðir | 2. |
| Tollgæzla | 4. |
| Trésmíði, járnsmíði og blikksmíði:[1] | |
| a. Framkvæmdarstjóri (aðeins eftirlit) | 2. |
| b. Með aflvélum | 5. |
| c. Án aflvéla | 3. |
| Útvarp: | |
| a. Stjórn, skrifstofustjóri, þulur | 1. |
| b. Verkfræðingar | 2.[2] |
| c. Viðgerðarmenn | 3.[2] |
| d. Starfsmenn við háspennuleiðslu | 6.[2] |
| Vélgæzla | 5. |
| Verzlunarstörf: | |
| a. Skrifstofumenn | 1. |
| b. Verkstjórn í vörugeymslu | 3. |
| c. Aðrir vöruhúsastarfsmenn | 4. |
| d. Starfsmenn í matvöruverzlunum | 2. |
| e. — í járnvöruverzlunum | 2. |
| f. — í kjötverzlunum | 2.[1] |
| g. — vefnaðarvöruverzlunum | 1. |
| h. Sölumenn innanbæjar | 2. |
| i. Sölumenn (úti um land) | 3. |
| j. Sendistörf: | |
| 1. Vörusendlar | 4. |
| 2. Aðrir sendlar | 2. |

224
21. febr.

**Iðnaðarfyrirtæki:** Fyrir starfsfólk, sem vinnur við önnur iðnaðarfyrirtæki en þau, sem eru talin í iðgjaldaflokkun þessari, ákveðst iðgjaldið sérstaklega.

Iðgjaldaskrá þessi og atvinnuflokkun í frjálsri slysatryggingu er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

225
24. nóv.

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða ½‰ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

1) Tvöfalt örorkuiðgjald.
2) Tvöfalt dauðsfallsiðgjald.